


Menningarnótt 2017



Greinagerð

Skýrsla stjórnar Menningarnætur 2017

Stjórn Menningarnætur 2017

Hrefna Haraldsdóttir formaður, framkvæmdastjóri Miðstöðvar íslenskra bókmennta

Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu

Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar

Markús Heimir Guðmundsson, forstöðumaður Hins hússins

Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna

Elínborg Kvaran, markaðsstjóri Landsbankans

Verkefnastjórar Menningarnætur

Björg Jónsdóttir

Guðmundur Birgir Halldórsson

Viðburðafulltrúi og vefstjóri Menningarnætur

Aðalheiður Santos Sveinsdóttir

Kynningarstjóri Menningarnætur

Berghildur Erla Bernharðsdóttir

Menningarnótt 2017

Menningarnótt 2017 var haldin laugardaginn 19. ágúst. Veðrið lék við borgarbúa og gesti þeirra. Tók fólk daginn snemma og naut þeirra viðburða sem í boði var langt fram á kvöld. Aðsókn hefur farið vaxandi undanfarin ár og talið er að þriðjungur þjóðarinnar sæki hátíðina á meðan á henni stendur. Þátttakendur í hátíðinni eru borgarbúar sjálfir ásamt lista- og menningarstofnunum í Reykjavík, sjálfstætt starfandi listhópum og listamönnum, fyrirtækjum, rekstraraðilum, félagasamtökum og íbúum í miðborginni.

Undirbúningur vegna Menningarnætur 2017 hófst þann 23. mars 2017 þegar stjórn hátíðarinnar kom saman í fyrsta sinn. Stjórn fundaði alls 5 sinnum fram að hátíð auk þess sem haldinn var uppgjörsfundur 31. ágúst.

Landsbankinn hefur stutt dyggilega við Menningarnótt frá upphafi með Menningarnæturpottinum. Markmið hans er að veita frumlegum og sérstökum hugmyndum brautargengi. Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr pottinum frá 2. maí t.o.m. 23. maí. Alls bárust 70 umsóknir í ár og voru 27 aðilum veittur styrkur, frá 100.000 – 350.000 krónum, samtals að upphæð 4 milljónir króna.

Opinber frestur til að sækja um almenna þátttöku á hátíðinni rann út 31. júlí. Á þriðja hundrað viðburðir voru skráðir í viðburðadagatal hátíðarinnar sem birtist á heimasíðu Menningarnætur. Voru þessir viðburðir af fjölbreyttum toga og dreifðust frá Grandanum og uppá Klambratún. Áherslusvæði Menningarnætur 2017 var Hlemmur og nágrenni og fóru þar fram þó nokkrir viðburðir auk þess sem Hlemmur mathöll var opnuð þennan dag eftir mikla eftirvæntingu borgarbúa.

Akranesbær var heiðursgestur Menningarnætur í ár og bauð til fjölbreyttrar dagskrár á Messanum við Sjóminjasafnið fram á kvöld. Bæjarlistarmenn voru með sýningar og buðu matvælafyrirtæki af Skaganum upp á smökkun á framleiðslu sinni. Af þessu tilefni var boðið upp á aflslátt í Akranesferjuna og bætt við ferðum en til að mynda voru tvær ferðir voru farnar eftir flugeldasýningu. Með þessum móti gátu Akurnesingar notið Menningarnætur til fulls.

Dagskrá Menningarnætur

Menningarnótt 2017 var sett við torgið við Veröld – hús Vigdísar Finnbogadóttur. Um 300 manns mættu á setningarathöfnina sem tókst afar vel.

Borgarstjóri Dagur B. Eggertsson setti hátíðina og að því búnu var torgið formlega vígt og því gefið nafnið Vigdísartorg. Að lokum var samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Vigdísarstofnunar - alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar við Háskóla Íslands undirritaður en Reykjavík lagði til fjármagn vegna torgins.

Dagskrá um alla borg

Dagskráin á Menningarnótt dreifðist vel um alla miðborgina og þar af leiðandi gestir líka. Áherslusvæðið í ár var Hlemmur og svæðið þar í kring. Mathöllinn á Hlemmi var opnuð á Menningarnótt og þar var boðið upp á tónlistaratriði og mat. Það var mikill fjöldi fólks sem lagði leið sína þangað og var húsið stappfullt frameftir kvöldi.

Listasöfnin og önnur söfn opnuðu dyr sínar fyrir gestum og buðu upp á allskonar viðburði með tónlist, myndlist og hönnun.

Harpa tónlistarhús var með stórglæsilega dagskrá í ár og hefur dagskráin sjaldan verið þéttari. Íbúar hússins, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Stórsveit Reykjavíkur og Íslenska óperan buðu upp á tónleika fyrir fjölskylduna auk þess sem margt fleira spennandi var í boði fyrir börn og fullorðna um alla Hörpu.

Vöfflukaffið var á sínum stað og tóku sex heimili þátt í ár. Einnig buðu einhver af þeim upp á tónleika og aðra viðuburði á meðan vöfflukaffinu stóð.

Skemmtileg stemning var á götum bæjarins, þar sem mikill fjöldi sat úti og naut viðburða sem í boði voru hjá rekstaraðilum í borginni. Barir og veitingarstaðir færðu borðin út og naut fólk veðurbliðunnar ásamt því að hlusta á fagra tóna eða upplifa skemmtilega viðburði víðsvegar um göturnar.

Tónleikar úti

Tónarflóð Rásar 2 í ár nefndust, *Eitthvað fyrir alla*. Þeir sem fram komu voru Reykjavíkurdætur, Svala Björgvins, Friðrik Dór og SS Sól. Tónleikarnir hófust við Arnarhól kl 20:00 og stóðu til kl 23:10 eða fram að flugeldasýningu.

Garðpartý Bylgjunnar var haldið í Hljómskálagarðinum á tvöföldu sviði. Þar komu fram Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar, Baggalútur, Dikta, Sycamore Tree, Elísabet Ormslev, Birgir, Ása, RAVEN og Aron Hannes.

Hip Hop hátíð Menningarnætur var haldin í annað sinn og að þessu sinni voru tónleikar á Ingólfstorgi og stóðu þeir frá kl 17-23. Þar komu fram helstu nöfnin í hip hop tónlist á Íslandi í dag. Þau sem þar komu fram voru Kara, Dj Þúra Stína, Countess Malaise, Geisha Cartel, Floni, Birnir, Joey Christ, Aron Can og Sturla Atlas.

Rokktónleikar X-ins 977, Bar 11 & Norr11 héldu aftur saman útitónleika í bakgarðinum hjá Bar 11 við Herfisgötu. Þar komu fram einvalalið tónlistarfólks og eru þau, Ása, Jónas Sig og ritvélar framtíðarinnar, Tappi Tíkarass, Atmosstation, Emmsjé Gauti, Dimma og XXX Rottweiler hundar.

Karnival á Klappastíg var haldið í fjórða sinn á horni Klapparstígs og Hverfisgötu í boði Dj Margeirs og Nova. Byrjað var á fjölskylduþóga sem leiddi gesti í dans þar sem helstu plötusnúðar landsins héldu uppi dansinum fram að flugeldasýningu.

Reykjavík Custom Bike Show var á sínum stað í naustinni þar sem fjöldinn allur af mótorhjólum komu saman og þöndu hjólin og voru með rokktonleika.

Öryggis- og aðgengismál

Öryggisaðilar og aðrir hagaðilar

Að venju eru öryggismál efst á baugi við skipulagningu Menningarnætur.

Eftir Menningarnótt 2016 gáfu björgunarsveitirnar það til kynna þær myndu hætta að sjá um og aðstoða við götulokanir og öryggisgæslu á Menningarnótt og var það staðfest á

vormánuðum. Var farið strax í það að stofna til samstarfs við nýjan aðila.

Óskað var eftir tilboðum í þjónustuna frá fjórum aðilum; Öryggismiðstöðinni, Securitas, Upp & niður og Venue Security. Varð það Venue Security, í eigu Bjarna Knútssonar, sem átti besta tilboðið og var strax hafist handa að koma honum inni verkefnið. Samstarfið gekk afar vel og voru lögregla og aðrir aðilar mjög ánægð með öll samskipti og samstarf við Bjarna og hans lið.

Aðrir hagaðilar að öryggismálum í tengslum við Menningarnótt og þeir aðilar sem sátu samráðsfundi um öryggismál og aðgengi á Menningarnótt eru; Lögreglan og slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu, Ríkislögreglustjóri, Bráðasvið Landspítala háskólasjúkrahúss, 112, Landhelgisgæslan, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, USK – ið (skrifstofan, Rekstur og umhirða og Njarðargötumenn), Strætó, Bílastæðasjóður, Kjölur, Frami og Samtök aðila í ferðaþjónustu (SAF) s.s. Grayline og Reykjavík Excursions. Að auki eiga Saman hópurinn, ÖBÍ, fulltrúar Reykjavíkumaraþonsins og Faxaflóahafnir fulltrúa. Hittist hópurinn fyrst um miðjan maí þar sem farið var yfir ábendingar frá árinum áður og fundaði allur hópurinn alls þrisvar í aðdraganda hátíðarinnar. Að auki var fundað í smærri hópum af og til, til að fara yfir sértæk mál. Fljótlega eftir að hátíðinni lauk kom hópurinn saman þar sem farið var yfir hvað gekk vel og hvað má betur fara.

Framkvæmdahandbók ásamt lagskiptu upplýsingakorti var gefin út þar sem allar upplýsingar um framkvæmd hátíðarinnar er útlistum nákvæmlega.

Þetta góða samstarf er mjög mikilvægt og í raun lykilforsenda þess hve vel hefur tekist til undanfarin ár.

Götulokarnir

Götulokanir voru í gildi frá kl. 07.00 að morgni laugardagsins 19. ágúst og fram til kl. 02.00 eftir miðnætti. Ekki var hægt að komast inn á hátíðarsvæðið með vélknúð ökutæki meðan á lokunartíma stóð nema hafa sótt um sérstakt leyfi til Höfuðborgarstofu. Ökutæki gátu þó yfirgefið lokunarsvæðið eftir sérstökum leiðum. Gefið hefur góða raun að beina umferðapungnaum hringinn í kringum miðborgina og verður því fyrirkomulagi haldið áfram.

Í samræmi við nýtt áhættumat frá Ríkislögreglustjóra voru þyngri lokanunum komið fyrir með vörubílum og steinblokkum til þess að koma í veg fyrir að bifreiðar geti keyrt inn á hátíðarsvæðið. Hafa þessar lokanir einnig þann kost að minna var um að almenningur væri að fjarlægja lokanir og lauma sér inn á hátíðarsvæðið á bílum sínum.

Undanfarin ár hefur skapast þónokkur umferðateppa í kringum Hringbrautina. Rútur og Strætó lentu í vandræðum með að komast í burtu vegna þess að frjálst flæði bíla var inn á svæðið í kringum BSÍ. Í ár var brugðið á það ráð að auka stýringu inná svæðið m.a. var bætt við lokun og loknari færðar til. Þessar breytingar leiddu til þess að tíminn sem tók rútur og strætisvagna að komast af svæðinu styttest um 15-25 mín, eftir álagastímum.

Var látið gera nýtt kort af hátíðarsvæðinu í ár (er hér fyrir neðan) á íslensku og ensku, en það er gert í fyrsta sinn. Er þetta kort sent á stóran netfangalista sem inniheldur flest ferðaþjónustufyrirtæki og gististaði. Einnig eru hinir ýmsu aðilar beðnir að áframsenda

upplýsingar um götulokanir, s.s. SAF, ÖBÍ og Miðborgin okkar. Jafnframt er látið prenta dreifibréf sem dreift er á öll heimili og fyrirtæki á hátíðarsvæðinu í vikunni fyrir hátíð.

Götulokunarkortið er birt á heimasíðu Menningarnætur ca 2 vikum fyrir hátíð, á visitreykjavik.is og reykjavik.is. Eru götulokanir nefndar á facebook og í öllum kynningum og umfjöllunum.

Þarf að halda áfram að finna leiðir til að koma upplýsingum um götulokanir skilmerkilega til íbúa og gesta miðborgarinnar.



Aðgerðamiðstöðin

Sameiginleg aðgerðamiðstöð slökkviliðs, lögreglu og öryggisaðila var staðsett í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Sjúkra- og lögreglubíll var staðsettur við Alþingishúsið. Athvarf fyrir týnd börn var við Alþingishúsið, ekkert barn kom í athvarfið að þessu sinni. Óskað hefur verið eftir því að fyrirkomulag varðandi athvarfið verði endurskoðað á næsta ári.

Rútur og leigubílar

Rútur og leigubílar áttu sína safnstaði á þremur stöðum á hátíðarsvæðinu til þess að sækja og skila af sér farþegum. Stæðin voru staðsett á Túngötu á bílastæði við Landakotskirkju, við Hallgrímskirkju Eiríksgötumegin og á Skúlagötu á bílastæðinu gegnt Klapparstíg. Voru fyrirtækin Grayline og Reykjavík Excursions með vakt á svæðinu til að halda flæðinu gangandi á stæðunum.

Strætó

Frítt var í alla vagna Strætó á Menningarnótt. Þannig komust hátíðagestir auðveldlega og örugglega í og úr miðborginni. Strætó ók að og frá Hlemmi og Gömlu Hringbraut, gegnt BSÍ, þar sem allar leiðir sem venjulega aka um miðborgina stöðvuðu. Ekið var eftir hefðbundnu laugardagsleiðarkerfi en að auki voru 13 aukavangar settir inní leiðarkerfið til að styðja við þær leiðir þar sem álag myndaðist. Um 30.000 nýttu sér þjónustu Strætó í ár sem er nálægt fullnýtingu á leiðarkerfinu.

Sérstök skutluþjónusta var starfrækt frá kl. 07:30 – 01:00 beint frá bílastæðum í Laugardal með viðkomu á stoppustöðvum strætó í Borgartúni fyrir þá sem vildu komast hratt og örugglega inn á mitt hátíðarsvæðið eða upp að Hallgrímskirkju.

Hefðbundið leiðakerfi Strætó var gert óvirkt kl. 22:00 og lögð áhersla á að flytja gesti Menningarnætur úr miðbænum og heim. Ekið var til kl. 01:00.

Sífelld fleiri nýta þjónustu Strætó frá ári til árs en vinna þarf áfram við að hvetja fólk til að skilja bílinn eftir heima og nýta almenningssamgöngur.

Bíla- og hjólastæði

Bíla- og hjólastæði voru skipulögð í samráði við Bílastæðasjóð. Gestum var bent sérstaklega á stæði í Borgartúni og í kringum Höfðatorg, sem voru betur nýtt en oft áður. Að auki bættust við stæði í Laugardalnum á lokametrum skipulagninarinnar í tengslum við skutluþjónustu strætó. Þessi stæði voru ágætlega nýtt miðað við hve lítið náðist að kynna þau.

Bílastæði voru útbúin og merkt í kringum BSÍ auð auki eru stæði norðan við Hringbraut og við Háskóla Íslands.

Sérstök hjólastæði voru sett upp í porti Austurbæjarskóla og í bílakjallara Ráðhússins þar sem hægt var að læsa hjólum á öruggan og aðgengilegan hátt. Hjólagrindurnar voru of fáar miðað við fjölda hjóla í kjallaranum.

Gæta þarf í kynningum að gefa ekki til kynna að hægt sé að taka hjólin með í Strætó. Miðað við þann fjölda sem tekur strætó hverju sinni er ómögulegt fyrir Strætó að hleypa fólki með hjól í vagnanna.

Hefðbundin gjaldskylda er í bílastæði og bílastæðahús á Menningarnótt, sem eru utan lokunarsvæðis, önnur bílastæðahús voru lokuð. Eins og lög gera ráð fyrir var sektað fyrir ólöglegar bílastöður á Menningarnótt, bæði af lögreglu og Bílastæðasjóði. Vinna þarf áfram að viðhorfsbreytingu á meðal almennings í þá átt að á Menningarnótt gildi sömu lög og reglur og aðra daga ársins.

Aðgengi hreyfihamlaðra og aldraðra

Reynt var tryggja aðgengi hreyfihamlaðra og aldraðra með ýmsum leiðum. Sérmerkt bílastæði fyrir fatlaða voru á þremur stöðum inn á hátíðasvæðinu og voru aðgengileg öllum með P-merki fyrir fatlaða í bílum sínum. Stæðin voru staðsett á Skúlagötu við Sjávarútvegsráðuneytið, við Tækniskólann v/ Hallgrímskirkju og á horni Suðurgötu og Túngötu. Öryrkjabandalagið sá um að senda upplýsingar til sinna félagsmanna. Akstursþjónusta Ferðaþjónustu fatlaðra var með hefðbundnu sniði á Menningarnótt en hægt var að panta síðustu heimferð kl. 00:00. Bílar þjónustunnar sóttu og skilaðu farþegum á sérmerktum bílastæðum fyrir fatlaðra á hátíðinni. Aldraðir gátu tekið leigubíl inn á svæðið eða strætó upp að Hallgrímskirkju.

Undirbúningur og hreinsanir starfsmanna skrifstofu Reksturs og umhirðu.

Vinna starfsmanna á skrifstofu reksturs og umhirðu hefst fyrir alvöru viku fyrir Menningarnótt og stendur vel fram í vikuna á eftir. Ruslatunnum og gámum var fjölgað og Íslenska gámaþjónusta kom þeim fyrir og hafði eftirlit með útisalernum.

Í ár voru um 66 starfsmenn USK við vinnu á Menningarnótt frá kl. 04:00, aðfarnótt 19. ágúst fram til kl. 12:00 á hádegi þann 20. ágúst, unnið er á vöktum. Starfsmennirnir sinntu götulokunum, aðstoð við maraþon, fánaborgir, hreinsanir og margt margt fleira.

Alls voru vinnustundir USK 877 mannatímar vegna vinnu á Menningarnótt, þ.e. bara viðburðurinn sjálfur, ekki undirbúningur og frágangur. Þar að auki þarf að greiða 50% álag ofan á tímana til að verðlauna fólkið sem þýðir að heildin eru 1315 klukkutímar.

Sú nýbreytni varð í ár að óskað var eftir þungum lokunum í stað hefðbundinna lokana á vissum stöðum og eykur það kostnað töluvert.

Kostnaður USK – skrifstofa reksturs og umhirðu vegna Menningarnætur eru rúmar 9 milljónir.

Götusala

12 aðilar sóttu um leyfi til að vera með matsölu í matarvögnum á Menningarnótt. Fengu bílarnir úthlutað plássi við Aðalstræti (við Ingólfstorg) og á Lækjartorgi. Að auki voru þrír aðilar í Fógetagarði.

Ekki er gefin leyfi fyrir annarri sölu en matarsölu úr matarvögnum á Menningarnótt. Nefnd um götu- og torgsölu tekur fyrir umsóknir um matsölu, og fengi þeir aðilar leyfi sem eru með matvagna sem hafa vengið leyfi frá Heilbrigðiseftirliti og sóttu um fyrir tiltekinn umsóknarfrest. Aðili á vegum USK fór með eftirlit með matvögnunum og gerði athugasemd við þá sem ekki voru með leyfi (matarvagnar)

Önnur matsala utandýra heyrir undir Heilbrigðiseftirlit og fengu engir aðilar leyfi til slíkrar sölu. Voru rekstraraðilum leyft að veita út á götu svo fremi sem borð og stólar hindruðu ekki umferð viðbragðsaðila.

Töluvert er um að rekstraraðilar komi fyrir grilli eða öðrum sölubás fyrir utan hjá sér og eldi og veiti án leyfis.

Upplýsingaþjónusta

Þjónustuver Reykjavíkurborgar var opið frá 08-23 og sáu um upplýsingaþjónustu í tengslum við Menningarnótt. Sú leið var farin í ár að Þjónustuverið sá einnig um símaþjónustu fyrir Strætó sem gafst mjög vel.

Tveir starfsmenn þjónustuversins sinntu störfum sínum í Ráðhúsinu og tóku við fyrirspurnum varðandi hátíðina frá gestum og gangandi. Reyndist það vel og létti af álagi starfsfólks Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna sem finna fyrir auknu álagi vegna fyrirspurna óskyldum ferðaþjónustu þegar hátíðir eiga sér stað.

Forvarnir

Lögð er áhersla á að Menningarnótt er fjölskylduhátíð og fjölskyldan njóti dagsins saman og fari heim saman að hátíð lokinni. Reynt er að benda á þennan þátt í öllum kynningum og umfjöllunum um hátíðina.

Miðbæjarathvarfið var starfrækt úr safnaðarheimili Dómkirkjunnar. Urðu aðstandendur athvarfsins varir við aukið álag samanborið við hátíðina í fyrra og er það eitthvað sem það huga að á næsta ári.

Kynningar- og markaðsmál

Áherslur í kynningarmálum Menningarnætur voru; öryggi- og aðgengi, fjölskyldusamvera, dagskrá hátíðarinnar, tónlistarviðburðir og gestabærinn Akranes. Alls voru sendar sex fréttatilkynningar í tengslum við Menningarnótt.

Sérstakt áherslusvæði Menningarnætur í ár var Hlemmur og svæðið í kring og var það kynnt í fréttatilkynningum og viðtölum í ljósvakamiðlum. Akranes var gestasveitarfélag Menningarnætur og var það vel kynnt og dagskrá sem tengdist því.

Rauður þráður í öllum auglýsingum var: Virðum lokanir – þær eru til að tryggja öryggi og aðgengi, skiljum bílinn eftir heima / notum ókeypis strætóferðir / leggjum fjær til að komast nær. Loks var áhersla lögð á að kynna fjölbreytta dagskrá hátíðarinnar.

Önnur kynning á viðburðum hátíðarinnar var að mestu í höndum viðburðahaldara sjálfra. Sérstök hvatning var send til þeirra þess efnis og boðið upp á leiðbeiningar varðandi kynningarleiðir.

Ljósvakamiðlar

Fleiri tegundum upplesturs var bætt við útvarpsauglýsingar Menningarnætur en notast var líka við sömu og í fyrra. Það var því nokkuð meiri fjölbreytni í útvarpsauglýsingum en á síðasta ári. Nokkrar nýjar sjónvarpsauglýsingar voru framleiddar sem viðbætur við þær sem notaðar voru á síðasta ári. Útvarpsauglýsingarnar hófust á Rás 1 og Rás 2 og helgina fyrir


Menningarnótt og sjónvarpsauglýsingar hófust á RÚV í vikunni fyrir Menningarnótt. Rás 2 og Bylgjan byrjuðu fyrr að auglýsa sína viðburði, Tónaflóð Rásar 2 og Garðpartý Bylgjunnar.

Prentmiðlar

Í ár var ákveðið að kaupa ekki sérstaklega auglýsingar í prentmiðlun heldur leggja frekar áherslu á að senda tilkynningar og hátíðarkort rafrænt og að öll dagskráin væri kynnt á menningarnott.is. Miðborgarpósturinn birti dagskrá Menningarnætur og umfjöllun um hátíðina föstudaginn fyrir hátíðina.

Samfélagsmiðlar

Facebooksíða Menningarnætur var vel nýtt og alls voru settar inn 18 færslur þar ásamt fjölda ljósmynda. Þá voruð bæði notaðir darkpóstar og boost til að kynna Menningarnótt. Alls hafa tæplega 10.000 manns gert like við síðuna. Hér að neðan má sjá virkni á síðunni í kringum hátíðina.



Vefmiðlar

Vefur Menningarnætur fékk nýtt útlit í takt við alla aðra hönnun á hátíðinni. Nokkrar viðbætur voru gerðar á undirsíðum *Upplýsingar* þar var sett inn nýr hlekkur á Google map skjal frá Strætó með uppfærðu leiðarkerfi strætó.

Tölfræðigreining (Google Analytics) á heimsóknum á heimsíðu Menningarnætur skilaði eftirfarandi tölum. Frá 14.- 19. ágúst voru samtals 71.017 heimsóknir. Á hátíðardaginn sjálfan, 19. ágúst voru 30.077 notendur með samtals 42.890 heimsóknir.

Fjölmiðlaumfjöllun

Blaðamannafundur var haldinn á þriðjudeginum fyrir Menningarnótt í um borð í ferjunni Akranes enda var Akranesbær gestabær hátíðarinnar. Borgarstjóri, bæjarstjóri Akraness og forstöðukona Höfuðborgarstofu kynntu hátíðina og áherslur hennar. Allir ofangreindir voru í viðtölum fyrir Menningarnótt í helstu miðlum fyrir og á Menningarnótt auk kynningarstjóra hátíðarinnar. Almennar fréttir og umfjöllun voru í öllum helstu miðlum. Almenn var mjög mikil umfjöllun um hátíðina í spjallþáttum í ljósvakamiðlum þ.e. þáttum sem Fjölmiðlavaktin heldur ekki sérstaklega utan um og sjá má það helsta hér að neðan:

LJÓSVAKAMIÐILL	Lengd	Umsjónarm.	Hver var í viðtali	Hvenær
Mannlegi þátturinn Rás 1	10	Lísa Pálsdóttir	Kynningarstjóri	17.ágú
Logi og Rúnar á laugardeginum	10	Rúnar	Kynningarstjóri	19.ágú
Ísland í sumar	12		Forstöðukona og kynningarstjóri	15.ágú
Morgunútvarpið Rás 2	10	Guðrún Sóley Gestsdóttir	Forstöðukona	18.ágú
Samfélagið í Nærmynd Rás 1	10	Leifur Hauksson	forstöðukona og forstjóri Hörpu	18.ágú
Bylgjan	7	Ásgeir Páll	Kynningarstjóri	19.ágú
K-100	12	Hulda og Hvati	Forstöðukona og kynningarstjóri	17.ágú
ALLS MÍNÚTUR	71			

Fjármál

Í áætlun Höfuðborgarstofu vegna Menningarnætur var gert ráð fyrir 8 mkr tekjum og gjöldum að upphæð tæpar 16,4 mkr og því heildarramma að upphæð um 8,4 mkr.

Einungis náðist að fjármagna 50% af áætluðum tekjum vegna Menningarnætur, en 4 mkr styrkur kom frá Landsbanka Íslands til að fjármagna svokallaðan menningarnæturpott. Ekki náðist að fá styrktaraðila til að fjármagna tæplega 4 mkr kostnað vegna flugeldanna eins og stefnt var að. Þegar ljóst varð að full tekjufjármögnun myndi ekki nást var gjaldaliður vandlega yfirfarinn og skorinn niður eins og mögulegt var. Eins og sést hér í töflu að neðan er gert ráð fyrir að gjöld verði undir um 2.25 mkr miðað við áætlun og verður þá niðurstaðan væntanlega um 1.75 mkr yfir áætlaðan ramma. Til að mæta þessari yfirkeyrslu verður um 2 mkr afgangur frá Vetrarnótt nýttur á móti.

	Menningarnótt	Áætlun	Raunstaða 19. okt	Ókomnir reikningar	Samtals gjöld	Áætluð niðurstaða
Tekjur	Utanaðkomandi styrkir	-8.000.000	-4.000.000		-4.000.000	-4.000.000
Gjöld	Undirbúningar og framlög	12.949.000	7.858.575	4.109.320	11.967.895	981.105
Gjöld	Kynningarmál	3.420.000	2.150.345		2.150.345	1.269.655
Samtals	Gjöld HBST	16.369.000	10.008.920	4.109.320	14.118.240	2.250.760
	Samtals	8.369.000			10.118.240	-1.749.240

Vert er að taka fram að Skrifstofa reksturs og umhirðu (USK) gerir ráð fyrir um 10 mkr kostnaði í sínum áætlunum vegna viðburðarins. Fjölmarginir aðrir aðilar, opinberir og sjálfstæðir, leggja einnig fé til hátíðarinnar í gegnum þátttöku sína og viðburði, má þar nefna RÚV, 365 miðlar, Nova, söfn, tónleikastaðir og aðrar menningarstofnanir. Að auki er vert að minnast á framlag allra íbúa og rekstraraðila í miðborginni sem leggja hátíðinni lið. Stjórn Menningarnætur kann öllum þessum aðilum kærar þakkir fyrir.

Bakhjarl Menningarnætur

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi á Menningarnótt frá upphafi. Hann hefur bæði boðið upp á fjölbreytta dagskrá í höfuðstöðvum bankans við Austurstræti og styrkt hátíðina með fjárframlagi. Samstarfið um Menningarnæturpottinn hélt áfram og rann fjárstuðningur hans beint til listamanna og hópa sem skipulögðu viðburði á Menningarnótt. Lögð var áhersla á svæðið í kringum Hlemm í styrkveitingum þó tengingin hafi ekki verið skilyrði fyrir úthlutun.

Reykjavíkurborg kostaði flugeldasýninguna í ár. Framkvæmdarstjórn flugeldasýningarinnar var í höndum Hjálparsveitar Skáta í Reykjavík. Samstarf við RÚV var þróað áfram og flugeldasýningin hönnuð fyrir sjónvarp og sjónvarpað var í beinni útsendingu.

Til umhugsunar

- Halda áfram að kanna frekari möguleika með grænni hátíð
- Halda áfram að hamra á að Menningarnótt er fjölskylduhátíð
- Er flugeldasýning barns síns tíma? Í samhengi við umhverfissjónarmið sem og samfélagslega ábyrgð. Hvað getur komið í staðinn?

Reykjavík, 17. október 2017

Fyrir hönd verkefnisstjórnar,

Björg Jónsdóttir

Guðmundur B. Halldórsson

Aðalheiður Santos Sveinsdóttir

Berghildur Erla Bernharðsdóttir